



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

FRÉTTATILKYNNING

9. júní 2010, kl. 16:45
Eldgos í Eyjafjallajökli



Eldgos í Eyjafjallajökli – mikilli úrkomu spáð og hætta á aurflóðum

Í nótt er spáð allt að 40 mm úrkomu á Eyjafjallajökli. Reiknað er með að mest rigni á tímabilinu milli kl. 5 og 9 í fyrramálið. Við þessar aðstæður er hætta á að öskulög á Eyjafjallajökli geti skriðið fram og niður farvegi áa sem renna suður af fjöllumunum. Þetta á helst við Svaðbælisá, Laugaá og Kaldaklifsá en einnig geta slík flóð komið niður Holtsá, Miðskálaá og Írá.

Rétt er að vekja athygli þeirra sem eru á leið í Þórsmörk að við veginn framundan Gígjökli hefur orðið vart við ummerki um (dældir) að jakar sem grafist hafi í sandinn, sem flóð frá jöklinum báru fram, séu farnir að bráðna. Þar sem svo háttar til getur auðveldlega myndast kviksyndi. Ferðamenn eru hvattir til að sýna aðgát á þessu svæði.

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Ágúst Gunnar Gylfason